

Alþingi
Erindi nr. B 138/2883
komudagur 29.4.2010



Alþingi
erindi nr. 138/2883
komudagur 29.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. apríl 2010
Tilvísun: 201004-0026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Alþýðusamband Íslands stóð að gerð stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar á síðasta ári. Í sáttmálanum segir m.a:

„Þessi stöðugleikasáttmáli er gerður við mjög erfiðar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum sem bitna hart á heimilum og atvinnulífinu í landinu. Við þessar kringumstæður hafa aðilar þessa sáttmála sameinast um aðgerðir til að vinna þjóðina út úr vandanum.

Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Í upphafi viðræðna settu samningsaðilar sér markmið um að í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%, halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5% af VLF, dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkst og hafi nálgast jafnvægisgengi. Einnig verði vaxtamunur við evrusvæðið innan við 4%. Þannig hafi skapast skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar.“

Í fjórða kafla sáttmálans er fjallað framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu en þar segir m.a: „Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009. Aðkoma lífeyrissjóða að slíkum verkefnum útilokar ekki þátttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra.“

Alþýðusamband Íslands telur frumvarpið jákvætt og rökrétt framhald af stöðugleikasáttmálanum og mælir því með samþykkt þess.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ



Fjárlaganefnd Alþingis
Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010
Tilvísun: HI10040090/0.3

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Háskóli Íslands hefur frá upphafi tekið þátt í undirbúningi verkefnis um byggingu nýs háskólasjúkrahúss (Landspítala). Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins áformar háskólinn byggingu húsnæðis fyrir heilbrigðisvísindasvið skólans á Landspítalalóðinni við Hringbraut samtengt hinu nýja sjúkrahúsi. Hlutfélag það sem hér um ræðir mun þó ekki fjármagna byggingahlut háskólans, en gert er ráð fyrir samstarfi og að byggingarnar rísi samhliða, enda mikilvægi slíks ótvírætt.

Vegna þessa og náinna tengsla Háskóla Íslands og háskólasjúkrahússins er mikilvægt að háskólinn verði hafður með í ráðum eins og verið hefur. Þar sem frumvarpinu er ætlað að setja verkefninu ákveðinn ramma telur háskólinn eðlilegt að þar séu sett ákvæði um aðkomu háskólans að hlutafélaginu og að fjallað sé um áformuð tengsl spítalans og húsnæðis heilbrigðisvísindasviðs.


Með vísan til þess sem hér að framan greinir leggur háskólinn til eftirfarandi viðbætur við einstakar greinar frumvarpsins.

1. Lagt er til að aftast í 1. mgr. 1. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: Bygging sjúkrahússins skal fara fram samhliða byggingu nýs húsnæðis heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.
2. Lagt er til að aftast í 2. mgr. 2. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: Þannig skal m.a. gerður samningur milli hlutafélagsins og Háskóla Íslands um samþættingu hönnunar og framkvæmda við byggingar háskólasjúkrahússins og byggingar háskólans verði það talið hagkvæmt.
3. Lagt er til að við skipun stjórnar hlutafélagsins verði haft samráð við þær stofnanir sem málið varðar, þ.e. Landspítalann og Háskóla Íslands. Er lagt til að aftast í 1. mgr. 3. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: Skal einn stjórnarmaður vera valinn í samráði við Háskóla

Íslands og annar í samráði við Landspítalann.

Að öðru leyti gerir Háskóli Íslands ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og mælir með því að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
Lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. **P 138/2879**
komudagur **27.4.2010**

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/850
komudagur 27.4.2010



Alþingi, fjárlaganefnd
fr. Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir,
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@hbr.stjr.is
heilbrigdisraduneyti.is


Reykjavík 23. apríl 2010
Tilv.: HBR10040101/00.04.05

Vísað er til tölvubréfs fjárlaganefndar Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til að gefa umsögn að svo stöddu þar sem heilbrigðisráðherra mun tjá sig um frumvarpið í umræðum á Alþingi ef þurfa þykir.

Fyrir hönd ráðherra


Berglind Asgeirsdóttir


Vilborg Þ. Hauksdóttir

Heilbrigðisstofnun Suðurlands
sjúkrahús og heilsugæsla
v/Árveg · 800 Selfoss
sími 480 5100 · fax 480 5101

Alþingi
Erindi nr. ~~P~~ 138/2891
komudagur 12.5.2010



Heilbrigðisstofnun
Suðurlands

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/672
komudagur 12.5.2010


Selfossi, 05.05.2010.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 -10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frv. til laga um stofnunopinbers hlutafélags umbyggingu nýs Landspítala, 548. mál.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hefur fjallað um frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við það

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,


Magnús Skúlason, forstjóri.



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 138/2880
komudagur 27.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Alþingi, Laganefnd
erindi nr. 138/851
komudagur 27.4.2010

Seltjarnarnesi, 26. apríl 2010
2010040192/0.1.2/GG/gh

Efni: Frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál

Vísað er í tölvubréf nefndasviðs Alþingis frá 21. apríl sl. Landlæknir hefur engar athugasemdir fram að færa við ofanskráð frumvarp.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 6. maí 2010
Tilvís. lþ/pk
0.3

**Efni: Frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags, um byggingu
nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík**

Fjárlaganefnd Alþingis sendi undirrituðum, þann 21. apríl 2010, til umsagnar frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548 mál.

Undirritaður fagnar frumvarpinu og sérstaklega þeim markmiðum sem það boðar varðandi bætta þjónustu Landspítala við sjúklinga og aðstandendur. Undirritaður gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Ingólfur Þórsson, framkvæmdastjóri
eignasviðs

Eignasvið



Alþingi
Erindi nr. ~~P~~ 138/2890
komudagur 11.5.2010

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/2890
komudagur 11.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2010.

Hjúkrunarráð Landspítala fékk til umsagnar frá fjárlaganefnd Alþingis frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík sem lagt verður fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.

Stjórn hjúkrunarráðs telur rétt að benda að í 2. grein og víðar er talað um *Landspítala háskólasjúkrahús* en samkvæmt nýjustu ákvörðun er *háskólasjúkrahús* ekki lengur í titli spítalans. Það er því réttar að þar standi aðeins *Landspítali*.

Hjúkrunarráð hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstakar greinar þess.

f.h. hjúkrunarráðs Landspítalans

Bylgja Kærnested
Bylgja Kærnested

Landspítalanum, 4. maí 2010


Nefndasvið Alþingis
bt. fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu
nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík (þskj. 938 – 548. mál)**

Læknaráð Landspítala fagnar því að fá þetta frumvarp sent til umsagnar. Bygging nýs Landspítala er mikilvægt þjóðþrifamál og grundvöllur þess að hægt verði að ljúka sameiningu stóru spítalana við Hringbraut og í Fossvogi. Þegar til lengdar lætur mun ný bygging fyrir Landspítalann spara þjóðfélaginu mikla peninga auk þess sem þjónusta spítalans verður bæði öruggari og skilvirkari.

Læknaráð Landspítala gerir engar athugasemdir við efni þessa frumvarps.

Með bestu kveðju



Þorbjörn Jónsson, læknir
formaður læknaráðs Landspítala



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Alþingi
Erindi nr. ~~P 138/2006~~
komudagur 5.5.2010

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/860
komudagur 5.5.2010

Seltjarnarnesi, 5. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Um 1. gr. LFÍ telur jákvætt að fara þessa leið því hún stuðlar að gagnsæi varðandi kostnað og ákvarðanatöku. Hins vegar hefði mátt rökstyðja afhverju þessi leið er valin fremur en aðrar.

Um 2. gr. LFÍ telur að bæta eigi þeim atriðum, sem tiltekin eru í athugasemdum, inn í greinina svo ekki verði vafi um hvað átt er við. Þannig myndi eftirfarandi bætast við:

“Í samþykktum fyrir félagið skal kveðið á um tilgang þess en meginverkefni félagsins verða eftirfarandi:

- Vinna að almennri samhfæfingu, undirbúningi og áætlanagerð vegna verkefnisins í samræmi við fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
- Hafa samráð við skipulagsyfirlögd um skipulagsmál, lóðarmál og hönnun byggingarinnar.
- Afmarka nýjum spítala hæfilega lóð og vinna drög að lóðarleigusamningi við fyrirhugaða bjóðendur.
- Vinna í samráði við Ríkiskaup að gerð útboðsskilmála og útboðsgagna að lokinni hönnunarsamkeppni um verkefnið.
- Hafa umsjón með framkvæmd útboðsins í samráði við Ríkiskaup og vinna með henni að mati framkominna tilboða.
- Gera tillögu til fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra um hagstæðustu leigutilboð vegna byggingarinnar.
- Hafa fyrir hönd leigjanda eftirlit með verkframkvæmdum og skilum húsnæðisins í samræmi við útboðsgögn.
- Vinna að öðrum verkefnum sem tengjast beint eða óbeint umræddu verkefni og falin verða félaginu.“

Um 3. gr. LFÍ leggur til að kveðið sé á um hæfniskröfur til stjórnar- og varastjórnarsetu í lögunum. Einnig þarf að kveða á um hæfniskröfur fyrir framkvæmdastjóra því að mati LFÍ hefur ekki verið til að dreifa sambærilegum verkefnum síðastliðin ár þar sem menn hafa getað aflað sér reynslu.

Um 4. gr. LFÍ saknar þess að ekkert sé minnst á hvað skal gera ef eða þegar hlutaféð er uppuríð.

Um 5. gr. LFÍ telur nauðsynlegt að setja sólarlagsákvæði inn í lögin. Það er hvernig og hvenær skuli stefnt að því að hætta rekstri hlutafélagsins þegar verkefninu líkur.

Vinðingarfyllst,

Adalheiður Palmadóttir

Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. ~~Þ~~ 138/2887
komudagur 5. 5. 2010

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/861
komudagur 5. 5. 2010

Kópavogi, 4. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Læknafélag Íslands hefur ekki skoðun á ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi

Erindi nr. P 138/2889

komudagur 6.S. 2010

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/2889
komudagur 6.5.2010

Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

6. maí 2010

A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis fjárlaganefndar, dags. 21. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að stofna opinbert hlutafélag til að standa að undirbúningi vegna útboðs á byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Félaginu er ætlað að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs sjúkrahúss og að leigja húsnæði til langs tíma að byggingarframkvæmdum loknum með kaupréttarákvæðum. Hönnunar og framkvæmdakostnaður að viðbættum fjármagnskostnaði verður greiddur til baka í formi leigugreiðslna og að eignarhald fasteignanna flytjist við lok leigusamningsins yfir til ríkisins. Gert er ráð fyrir að lóðir og lóðarréttindi Landspítalans verði lögð inn í opinbera hlutafélagið. Félagið mun sjá um hönnun mannvirkja og undirbúning verkefnisins en nánar tilgreindir lífeyrissjóðir munu annast fjármögnun. Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði með rekstri félagsins heldur er miðað við að lífeyrissjóðirnir láni félaginu fyrir þessum útgjöldum gegn veði í lóðum og lóðarréttindum.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið og vísar að öðru leyti til bréfs síns til verkefnastjórnar um byggingu nýs Landspítala frá 15. desember 2009, en fjárlaganefnd fékk sent afrit af því.

Erindið er ákveðið.
Ríkisendurskoðun.

Alþingi
Erindi nr. P 138/288/
komudagur 27. 4. 2010

Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir

From: Gísli Páll Pálsson [gisli@dvalaras.is]
Sent: 27. apríl 2010 13:01
To: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Subject: RE: Beiðni um umsögn um 548. mál Alþingis

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/852
komudagur 27. 4. 2010

Góðan dag

Stjórn Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu gerir ekki athugasemdir við neðangreint frumvarp.

Kveðja, Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2877
komudagur 11.5. 2010

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/869
komudagur 11.5.2010

Alþingi – nefndasvið

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík.

Reykjavík, 10. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík - mál nr. 938

Samtök heilbrigðisfyrirtækja (SH) voru formlega stofnuð í mars sl. Samtökin eru starfandi innan Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) og eru því öll aðildarfyrirtæki þeirra aðilar að Samtökum atvinnulífsins (SA). Hér á eftir fer umsögn samtakanna beggja um nefnt frumvarp.

Meginefni frumvarpsins.

Eins og segir í fyrstu grein frumvarpsins er fjármálaráðherra heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði.

Samtökin gera út af fyrir sig ekki athugasemdir við stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala. Samtökin hafa hins vegar miklar efasemdir um hina fyrirhuguðu framkvæmd sem slíka og munu því í þessari umsögn lýsa sjónarmiðum sínum til hennar.

Athugasemdir við fyrirhugaða byggingu nýs Landspítala

Almennt telja samtökin að hin fyrirhugaða framkvæmd sé ekki skynsamleg, hvort sem litið er á málið út frá þörfum heilbrigðisþjónustunnar eða út frá þeim fjárhagslegu forsendum sem lagt er upp með. SH og SVP eru þeirrar skoðunar að ná megi langtímamarkmiðum í heilbrigðismálum á mun hagkvæmari hátt er með þeirri dýru framkvæmd sem hér um ræðir. Samtökin benda í því sambandi á tvær nýlegar skýrslur frá OECD þar sem hvatt er til þess að einkaaðilum verði falin stærri hluti af framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar en nú er. Það er almenn skoðun félagsmanna SH og SVP að nærtækara væri að fylgja ráðum OECD frekar en að leggja í þessa dýru og vafasömu framkvæmd.

Nánar vilja samtökin benda á eftirfarandi atriði:

- a. **Kostnaður.** Samtökin draga mjög í efa að þær fjárhagslegu forsendur sem lagt er upp með standist. Eins og fram kemur er áætlaður heildarkostnaður 51 milljarður króna. Þar af eru 33 milljarðar vegna nýbyggingar og húsgagna, 7 milljarðar áætlaðir vegna tækjakaupa og 11 milljarðar vegna endurbyggingar eldra húsnæðis. Allt bendir til að hér sé verulega vanáætlað, enda verður ekki annað lesið út úr skýrslu hinna norsku aðila, Momentum og Hospitlalet sem unnu að hönnun spítalans en að þessar upphæðir séu vanáætlaðar sbr. það sem segir á bls.

24 – 26 og bls. 45 – 47 í skýrslunni frá apríl 2009. Kostnaður við endurbyggingar eldra húsnæðis er einnig verulega vanáætlaður.

- b. **Deiliskipulag.** Ekki verður séð að búið sé að ganga frá deiliskipulagi fyrir það svæði sem byggingin á að ná yfir. Þá hefur ekki átt sér stað lögboðin grenndarkynning meðal íbúa í nágrenni byggingarinnar. Eins og allir vita er ferli við slíkt bæði tímafrekt og kostnaðarsamt.
- c. **Breyting eðri bygginga.** Fram kemur að áætlað sé að unnt sé að ná fram 5 – 7% hagræðingu á því að flytja starfsemi frá eldra húsnæði í nýtt húsnæði. Hér virðist byggt á „norskri reynslu“ af slíkum tilflutningi og er vandséð hvernig hægt er að yfirfæra slíkt yfir á íslenskar aðstæður án sérstakra athuganna eða rökstuðnings. Athygli vekur að ekki er í fyrirbyggjandi áætlunum ekki gert ráð fyrir viðhaldi húsnæðisins á leigutímanum sem verður að teljast mjög undarlegt. Samkvæmt almennum viðmiðum er gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að verja sem nemur 2% af matsverði fasteigna í viðhald á ári hverju.
- d. **Áhætta framkvæmdaraðila.** Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er það talinn mikill kostur fyrir hið opinbera að kostnaður þess sé ákveðinn fyrir fram og greiðslur til framkvæmdaaðila séu tiltölulega fastmótaðar yfir samningstímann. Það er talinn kostur að unnt verði að flytja talsvert af áhættu verkefnisins yfir á framkvæmdaaðilann sem þá muni bera allan ófyrirséðan kostnað. Síðan segir að þessi tilhögun skapi hvata fyrir framkvæmdaaðila til að meta á raunhæfan hátt heildarkostnað verkefnisins þar sem nánast sé ógerningur að krefjast viðbótargreiðslna vegna ófyrirséðs kostnaðar. Samtökin vilja vara við röksemdafærslu sem þessari vegna þess forsendan fyrir því að framkvæmdaaðilar geti gefið raunhæfar áætlanir í kostnað er hönnun og aðrar áætlanir varðandi framkvæmdina séu mjög nákvæmar og taki mið af íslenskum aðstæðum. Ef mið er tekið af þeim gögnum sem samtökin hafa undir höndum um fyrirhugaðar framkvæmdir vantar mikið á að framkvæmdaaðilar geti gefið tilboð sem ná utan um allan mögulegan kostnað við framkvæmd sem þessa.
- e. **Samkeppni um fjármagn.** Samtökin telja einsýnt að ef þessi dýra framkvæmd verður að veruleika muni hún „soga“ til sín stóran hluta af því fjármagni sem veitt verður til heilbrigðismála um fjárfjárlegu framtíð. Þar verður erfitt fyrir fjárveitingavaldið að spyrna við fótum þar sem svo stór aðili verður vafalítið „frekur til fjárins“.
- f. **Fagleg samkeppni.** Telja verður að mikil afturför verði í faglegri samkeppni á heilbrigðissviðinu ef stór hluti allra læknaðgerða verður færður inn á eina stóra heilbrigðisstofnun. Í því sambandi er nauðsynlegt að minna á tilurð Borgarspítala á sínum tíma, en kveikjan að stofnun hans var ekki síst sú að Landspítali vanrækti að setja á laggirnar ýmsa þjónustu sem talin var nauðsynleg innan heilbrigðiskerfisins. Með tilurð Borgarspítals forðum urðu til nýjar sérgreinar s.s. þvagfæralækningar, heilaskurðlækningar, háls- nef- og eyrnalækningar og móttaka fyrir fjölsíslasæðra. Auk þess skapaðist vinnutækifæri fyrir vel menntað heilbrigðisstarfsfólk á öðrum stað en áður sem efldi heilbrigðisþjónustuna.

Eins og fyrr sagði gera samtökin ekki beina athugasemd við að stofnað verði opinbert hlutafélag um byggingu nýs spítala. Eins og þegar er komið fram hafa samtökin hins vegar miklar efasemdir um framkvæmdina sem slíka, bæði kostnaðinn við hana og það hagræði sem hún á að hafa í för með sér fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Þess vegna eru Samtök heilbrigðisfyrirtækja og Samtök verslunar og þjónustu tilbúin til að koma á fund þingnefndarinnar til þess að gera nánar grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka heilbrigðisfyrirtækja,

Stefán E. Matthíasson, formaður

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Andrés Magnússon, framkv. stjóri.



Sjúkraliðafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/2884
komudagur 4.5.2010

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/2884
komudagur 4.5.2010

Reykjavík 3. maí 2010

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 – Reykjavík.

aro@althingi.is

Sjúkraliðafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélag um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. Mál.

Félagið vill koma á framfæri að það sé því samþykkt að stofnað verði hlutafélag um bygginguna.

Virðingarfyllst
f.h. Sjúkraliðafélags Íslands.


Kristín A. Guðmundsdóttir, formaður.


Gunnar Örn Gunnarsson,
framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2882
komudagur 29.4.2010

Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir

From: Skipulagsfræðingafélag Íslands [skipulagsfraedi@gmail.com]
Sent: 29. apríl 2010 09:52
To: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Subject: Re: Beiðni um umsögn um 548. mál Alþingis

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/856
komudagur 29.4.2010

Sæl

Skipulagsfræðingafélag Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Kveðja
Sverrir Örvar Sverrisson
Ritari SFFÍ